

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 849/2012**

2013/EES/20/24

frá 19. september 2012

um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Vetagro SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og allar aukategundir svína (eftir fráfærur).
- 4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1117/2010⁽²⁾ var notkun blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni leyfð til 10 ára sem fóðurukefni fyrir fráfærugrís.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álit

sínu frá 25. maí 2012⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni, sem tilgreind er í viðaukanum, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt afurðasemi hjá marktegundunum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnið í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í föður eins og tilgreint er í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 3.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2670.

Viðauki

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d 3	Vetagro SpA	Blanda úr sitrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda úr vörðum örperlum, sem innihalda sitrónusýru, sorbínsýru, þýmól og vanillín, sem inniheldur að lágmarki:</p> <p>Sitrónusýra: 25 g/100 g</p> <p>Sorbínsýra: 16,7 g/100 g</p> <p>Þýmól: 1,7 g/100 g</p> <p>Vanillín: 1 g/100 g</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virkra efna</i></p> <p>Sitrónusýra C₆H₈O₇ (hreinleiki ≥ 99,5%)</p> <p>2-hýdroxý-1,2,3-própantríkarboxýlsýra, CAS-nr. 77-92-9 vatnsfrí</p> <p>Sorbínsýra C₆H₈O₂ (hreinleiki ≥ 99,5%)</p> <p>2,4-hexadiensýra, CAS-nr. 110-44-1</p> <p>Þýmól (hreinleiki ≥ 98%)</p> <p>5-metýl-2-(1-metýlletýl)fenól, CAS-nr. 89-83-8)</p> <p>Vanillín (hreinleiki ≥ 99,5%)</p> <p>4-hýdroxý-3-metoxýbensaldehyð, CAS-nr. 121-33-5)</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i>⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á sorbínsýru og þýmóli í föðri: háþrýstivöskvaskiljun með óskautuðum stöðufasa</p>	Eldiskjúklingar og kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	—	200	—	Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	10. október 2022
				Aukafuglategundir til eldis og sem aldar eru til varps					
				Dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan		1000			
				þó ekki af tegundinni <i>Sus scrofa domesticus</i>					

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
			með greiningu á útfjólubláu sviði/með díóðufjölneina (RP-HPLC-UV/DAD) Ákvörðun á sítrónusýru í aukefninu og forblöndunni: (RP-HPLC-UV/ DAD). Ákvörðun á sítrónusýru í fõðri: ensímákvörðun á innihaldi sítrónusýru – litrófsgreining með NADH (sem afoxað form af nikótínamíðadenínúkleótíði).						

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx